

Vegagerðin

Suðurhrauni 3
210 Garðabær

Mosfellsbær, 30. ágúst 2021
erindi nr. 202107008/20.1.1 AMT

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 548. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 27.8.2021, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði - framkvæmdaleyfi

Borist hefur erindi frá Kópavogsbæ, dags. 20.08.2021, vegna grenndarkynningar á framkvæmdaleyfi Vegagerðarinnar fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Umsagnafrestur er til 17.08.2021.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við kynnt framkvæmdarleyfi.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

